

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

ALPJÓÐASTEFNA OG AÐGERÐARÁÆTLUN 2020-2025

Í stefnu Listaháskólans 2019-2023 er lögð áhersla á að efla hæfni nemenda til þess að takast á við verkefni og áskoranir í alþjóðlegu og fjölmenningslegu umhverfi.

Alþjóðlegt samstarf er mikilvæg leið til þekkingarsköpunar, byggir upp traust og stuðlar að auknum skilningi á alþjóðasamfélaginu. Í gegnum alþjóðlegt samstarf í fjölmenningslegu námssamfélagi leitast Listaháskólinn við að þjálfa nemendur í að taka ákvarðanir sem eru byggðar á staðreyndum fremur en fordómum. Alþjóðlegt samstarf háskóla er jafnframt mikilvægur liður í að efla gæði náms, kennslu og rannsókna.

Alþjóðavídd í námi

Allir nemendur eiga að fá tækifæri til þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, hvort sem er í gegnum námsdvalir erlendis eða alþjóðavídd í náminu heima fyrir. Með stefnumiðuðu samstarfi við háskóla erlendis skapast fjölbreytt tækifæri fyrir nemendur í gegnum styttri og lengri námsdvalir, stafræna samvinnu og alþjóðleg verkefni í náminu. Með þessum hætti leitast Listaháskólinn við að skapa jafnt aðgengi fyrir alla nemendur að alþjóðlegu samstarfi.

Námsumhverfi og stuðningur

Listaháskólinn leggur alúð við að skapa námsumhverfi sem styður við fjölbreyttan nemendahóp. Starfsfólk og nemendur taka þátt í að móta námssamfélag þar sem fjölbreytileika er fagnað, raddir nemenda fá að njóta sín og allir hljóta viðeigandi stuðning. Listaháskólinn telur nemendamiðað nám og fjölmenningslega kennsluhætti vera grundvöll þess að skapa námssamfélag sem byggir á jafnrétti og inngilding. Lögð er áhersla á að nemendur og starfsfólk fái þjálfun í menningarnæmi og að nemendur taki virkan þátt í stuðningi við erlenda nýnema. Nemendur hljóta stuðning vegna tungumáls, en Listaháskólinn leggur einnig áherslu á að samskipti og upplýsingagjöf sé miðuð að fjölbreyttum hópi nemenda.

Stefnumiðað samstarf

Stefnumiðað samstarf Listaháskólans við erlenda samstarfsháskóla stuðlar að þróun náms, kennslu og rannsókna í alþjóðlegu samtali. Í gegnum samstarfsverkefni og starfsmannaskipti tryggir Listaháskólinn tækifæri til starfsþróunar á alþjóðlegum vettvangi. Skólinn leggur áherslu á náð samstarf á breiðu fagsviði við tiltekna háskóla. Í því felst þátttaka í verkefnum um þróun á námi og kennslu, alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, samtal um gæðamál og bættu stjórnsýslu, gestakennsla og fjölbreyttar leiðir til nemendaskipta.

Aðgerðaráætlun

Aðgerðaráætlun um alþjóðlegt samstarf byggir á alþjóðastefnu Listaháskólans fyrir tímabilið 2020-2025. Áætlunin byggist upp af markmiðum og aðgerðum og skiptist í þrjú kafla:

- Alþjóðavídd í námi.
- Námsumhverfi og stuðningur.
- Stefnumiðað samstarf.

Áætlun verklok neðangreindra aðgerða eru í árslok 2025.

Alþjóðavídd í námi

Aðalmarkmið:

- Að nemendur hafi jöfn tækifæri og sveigjanleika í námi til þátttöku í alþjóðasamstarfi.
- Að nemendur fái tækifæri til þess að takast á við verkefni og áskoranir í alþjóðlegu og fjölmenningslegu umhverfi heima fyrir.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Þátttakendur
1: Að nemendur hafi jöfn tækifæri og sveigjanleika í námi til þátttöku í alþjóðasamstarfi.	1.1 Að allar brautir skilgreini glugga/sveigjanleika til námsdvalar erlendis (styttri og/eða lengri).	Deildarforsetar	Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa, Verkefnastjóri kennslu
	1.2 Að gluggar til námsdvala erlendis verði endurskoðaðir sem hluti af formlegu ferli við <i>endurskoðun námsbrauta</i> .	Gæðastjóri	Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa, Verkefnastjóri kennslu
	1.3 Að allar brautir finni leiðir til þess að hvetja nemendur til námsdvalar erlendis, sér í lagi til stefnumiðaðra samstarfsháskóla.	Deildarforsetar	Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa
2: Að nemendur fái tækifæri til þess að takast á við verkefni og áskoranir í alþjóðlegu og fjölmenningslegu umhverfi heima fyrir.	2.1 Að allar deildir þrói námskeið byggð á stafrænni samvinnu og styttri námsdvölum (e. Blended mobility).	Deildarforsetar	Sviðsforsetar, Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa, Verkefnastjóri kennslu
	2.2 Að allar brautir bjóði til sín nemendum samstarfsskóla í styttri eða lengri námsdvalir (express námskeið og skiptináms).	Deildarforsetar	Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa
	2.3 Að allir nemendur fái tækifæri í kennslustofunni til þess að miðla eigin reynslu byggða á bakgrunni þeirra.	Deildarforsetar	Fagstjórar, Kennarar, Verkefnastjóri kennslu
	2.4 Að námsefni sé endurskoðað með það að markmiði að endurspegla ólík	Gæðastjóri	Deildarforsetar, Fagstjórar, Kennarar,

	sjónarhorn og fjölbreytta heimsmýnd. Þetta sé gert sem hluti af formlegu ferli við <i>endurskoðun námsbrauta</i> .		Verkefnastjóri kennslu
--	--	--	------------------------

Námsumhverfi og stuðningur

Aðalmarkmið:

- Að bjóða upp á námsumhverfi sem styður við fjölbreyttan nemendahóp.
- Að efla þátttöku nemenda í stuðningi við erlenda nýnema.
- Að efla stuðning við nemendur sem stefna á námsdöl erlendis.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Þátttakendur
3: Að bjóða upp á námsumhverfi sem styður við fjölbreyttan nemendahóp.	3.1 Að þróa námskeið um menningarnæmi fyrir alla nemendur.	Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu	Alþjóðaskrifstofa, Námsráðgjafi, Verkefnastjóri kennslu
	3.2 Að bjóða upp á fræðslu og þjálfun fyrir alla starfsmenn sem snýr að menningarnæmi.	Mannauðsstjóri	Alþjóðaskrifstofa, Námsráðgjafi, Verkefnastjóri kennslu
	3.3 Að bjóða upp á fræðslu og markvissa þjálfun fyrir kennara um fjölmenningslega kennsluhætti.	Verkefnastjóri kennslu	Alþjóðaskrifstofa
	3.4 Að stofna ritver til þess að styðja við erlenda nemendur.	Forstöðumaður bókasafns	Verkefnastjóri kennslu
	3.5 Að skýra verklag um tungumálanotkun í kennslu.	Verkefnastjóri kennslu	Sviðsforsetar, Deildarforsetar, Fagstjórar, Námsstjóri
	3.6 Að skýra verklag um tungumálanotkun í samskiptum og miðlun upplýsinga.	Gæðastjóri	Háskólaskrifstofa
	3.7 Að bæta aðgengi umsækjenda um skiptinám að kennsluskra brauta.	Sviðsforsetar	Deildarforsetar, Verkefnastjóri háskólaskrifstofu, Fagstjórar
	3.8 Að tryggja þátttöku alþjóðlegra nemenda í störfum nemendafélaga.	Stúdentaráð	Námsstjóri, Teymisstjóri kynningarmála
	3.9 Að safna markvisst upplýsingum um upplifun alþjóðlegra nemenda af náminu.	Verkefnastjóri kennsluþróunar	Alþjóðaskrifstofa
4: Að efla þátttöku nemenda í stuðningi við erlenda nýnema.	4.1 Að þróa nýtt mentor-kerfi.	Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu	Alþjóðaskrifstofa, Námsráðgjafi
	4.2 Að endurskipuleggja aðkomu nemenda að móttöku erlendra nýnema.	Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu	Alþjóðaskrifstofa, Námsráðgjafi
5: Að efla stuðning við nemendur sem stefna á námsdöl erlendis.	5.1 Að þróa vinnustofu um undirbúning námsdvalar erlendis.	Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu	Alþjóðaskrifstofa, Námsráðgjafi

	5.2 Að útfæra sjálfsmat fyrir nemendur vegna námsdvala erlendis.	Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu	Alþjóðaskrifstofa, Verkefnastjóri kennslu, Námsráðgjafi
--	--	---------------------------------	---

Stefnumiðað samstarf

Aðalmarkmið:

- Að byggja upp samstarf um þróun náms, kennslu og rannsókna á breiðu fagsviði við tilgreinda samstarfsháskóla.
- Að nýta stefnumiðað samstarf markvisst til starfsþróunar.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Þátttakendur
6: Að byggja upp samstarf um þróun náms, kennslu og rannsókna á breiðu fagsviði við tilgreinda samstarfsháskóla.	6.1 Að skilgreina tilgreinda samstarfsháskóla sem stefnumiðaða samstarfsaðila.	Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu	Rektor, Sviðsforsetar, Deildarforsetar, Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa
	6.2 Að stjórnendur heimsæki stefnumiðaða samstarfsaðila til þess að byggja upp og styðja við samstarf.	Rektor	Sviðsforsetar, Framkvæmdastjóri, Alþjóðaskrifstofa
	6.3 Að útfæra blandaðar námsdvalir og stafræna samvinnu í samstarfi við stefnumiðaða samstarfsháskóla.	Deildarforsetar	Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa, Verkefnastjóri kennslu
	6.4 Að allar deildir nýti samstarfsstyrki til þróunar á námi, kennslu og rannsóknum.	Sviðsforsetar	Deildarforsetar, Fagstjórar, Alþjóðaskrifstofa
	6.5 Að deildir móti skýra stefnu um að bjóða til sín gestakennurum frá stefnumiðuðum samstarfsháskólum.	Deildarforsetar	Sviðsforsetar, Fagstjórar
7: Að nýta stefnumiðað samstarf markvisst til starfsþróunar.	7.1 Að stjórnendur móti áætlun um nýtingu á Erasmus styrkjum til starfsmannaskipta vegna starfsþróunar.	Rektor	Sviðsforsetar, Deildarforsetar, Framkvæmdastjóri, Forstöðumaður háskólaskrifstofa, Mannauðsstjóri, Verkefnastjóri kennslu, Alþjóðaskrifstofa
	7.2 Að starfsmenn háskólaskrifstofu og rekstrarsviðs heimsæki stefnumiðaða samstarfsaðila til að deila þekkingu og eiga samtal um gæðamál, rannsóknir, nám og kennslu, rekstur og bættu stjórnýslu.	Forstöðumaður háskólaskrifstofu Framkvæmdastjóri	Forstöðumenn sviða
	7.3 Að akademískir starfsmenn heimsæki stefnumiðaða samstarfsaðila til þess að kynna sér nám og námsumhverfi, og	Deildarforsetar	Fagstjórar



	til að skiptast á þekkingu um nám, kennslu og rannsóknir.		
	7.4 Að Listaháskólinn skilgreini leiðir til að meta þátttöku starfsmanna í starfsmannaskiptum og alþjóðasamstarfi með formlegum hætti.	Mannauðsstjóri	Rektor, Framkvæmdastjóri, Gæðastjóri, Verkefnastjóri kennslu, Alþjóðaskrifstofa